

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 10. október 2019.

**Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara. 150. Löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 22 - 22. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands fagnar ofangreindri þingsályktunartillögu og auknum áhuga á því að meta andlega heilsu eldri borgara eins og efni tillögunnarins felur í sér.

Félagsráðgjafafélag Íslands vill hins vegar gera athugasemd við það að í tillögunni er ekki gert ráð fyrir Félagsráðgjafafélagi Íslands í nefnd sem ætlað er að kanna hvaða leiðir séu best til þess fallnar að koma í veg fyrir þunglyndi meðal eldri borgara. Talin eru upp fagfélög lækna og hjúkrunarfræðinga en vert er að vekja athygli á því að margar fagstéttir þar á meðal félagsráðgjafar veita mikilvægan stuðning til eldri borgara í því skyni að rjúfa félagslega einangrun og bjóða ýmiss úrræði sem eru til þess fallin að koma í veg fyrir þunglyndi. Nálgun ólíkra fagstétta á andlegum vanda er ólík og því brýnt að halda því til haga að engin ein aðferð eða meðferð er réttari en önnur.

Félagsráðgjafar vinna með einstaklingum, fjölskyldum, hópum og samfélögum sem eru að glíma við sálfélagslegan vanda og vilja gera breytingar á stöðu sinni sér í hag. Félagsráðgjafar búa yfir víðtækri þekkingu og beita fjölbreyttum gagnreyndum aðferðum í vinnu sinni. Nám þeirra er 5 ára háskólanám sem skiptist í þriggja ára grunnám þar sem þeir öðlast BA gráðu í félagsráðgjöf. Að því loknu tekur við tveggja ára meistaranám þar sem hluti námsins felst í starfsþjálfun utan Háskóla Íslands undir handleiðslu starfsþjálfunarkennara sem hafa fengið sérstaka þjálfun sem slíkir. Félagsráðgjafar geta að loknu námi sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis Landlæknis og leyfi til að reka heilbrigðisþjónustu hjá sama embætti.

Menntun félagsráðgjafa er að því leyti sérstök að þar er áhersla lögð á þekkingu á sviði stjórnsýslulaga auk þess sem félagsráðgjafar hafa þjálfun í fjölskylduvinnu og málsstjórn (e. case management). Auk þess eru margir félagsráðgjafar með sérfræðiþekkingu á sviði fjölskyldumeðferðar en rannsóknir sýna að fjölskyldumeðferð samhliða öðrum meðferðaraðferðum bætir árangur meðferðar og leiðir þannig til sparnaðar til lengri tíma lítið. Styrkleiki félagsráðgjafa felst einnig í þekkingu þeirra á öðrum þjónustukerfum svo sem félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið að fylgja athugasemdum sínum eftir sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
formaður

## **Efni: Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara.**

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands fagnar framkominni tillögu til þingsályktunar um rannsókn á þunglyndi meðal eldri borgara.

150. Löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 22 - 22. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð sem fylgir tillögunni er þunglyndi meðal eldri borgara oft falið og því getur verið erfitt að bregðast við því. Kvíði og þunglyndi meðal eldra fólks getur verið og er oftlega hluti af heildarmynd sem þörf er að verði skoðuð samhliða. Vitað er að t.d. áföll, heilsuleysi og fjárhagslegir erfiðleika auka áhættu þunglyndis og að sama skapi getur öflugt tengslanet, stuðningur, hreyfing, virkni og þátttaka í félagslífi og samfélaginu almennt, virkað verndandi gegn kvíða og þunglyndi.

Innan Félagsráðgjafardeildar hefur um árábil verið lögð áhersla á nám um öldrun og öldrunarfræði. Þar hafa því nokkur BA og MA verkefni verið unnin sem fjalla einmitt um kvíða, depurð, einmanaleika, félagslega virkni og ýmislegt fleira. Þá hafa á vegum Rannsóknarseturs í barna og fjölskylduvernd (RBF) og Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, verið unnar rannsóknir og þjónustukannanir í málaflokknum og gefnar út skýrslur. Einnig er vert að minna á að á vegum Embættis landlæknis er til gagnasafn úr könnun á heilsu og líðan Íslendinga.

Á árinu 2018 lauk gagnasöfnun í fjöl-þjóðlegri rannsókn varðandi stöðu og líðan eldra fólks, 60 ára og eldri, sem tveir fræðimenn Félagsráðgjafardeildar standa að í samstarfi við erlenda fræðimenn. Úrvinnsla þeirra gagna er enn yfirstandandi og varpa gögnin ljósi á nokkra fleiri þætti eins og áhyggjur, athafnir daglegs lífs, minnistap og einkenni heilabilunar samhliða kvíða og depurð. Fyrstu vísbendingar úr þeirri rannsókn gefa tilefni til að horfa þurfi til 60+ ára hópsins í heild þar sem einkenni kvíða og depurðar virðast tíðari meðal karla 60-66 ára og kvenna eldri en 75 ára, en annarra hópa á þessu aldursbili.

Annar þáttur – einmanaleiki – hefur mælst víða vera vaxandi og mælist hér á landi 17-23% meðal þeirra sem eru 67 ára og eldri, en jafnframt álíka eða tíðari meðal 60-66 ára.

Félagsráðgjafardeild HÍ tekur því undir mikilvægi þessa að rannsaka umfang kvíða, depurðar og fleiri þátta sem varða eldra fólk, 60 ára og eldri og kanna með hvaða hætti hægt er að fyrirbyggja það vanlíðan einstaklinga í þeim hópi. Afmörkun á rannsókn við hugtakið „aldraðir“ eða 67 ára mörkin, er tilefni til að endurmeta og útvíkka.

Þegar rannsaka á þunglyndi eldri borgara er mikilvægt að kanna félagslegar aðstæður,

samskipti við fjölskyldu og áhrif umhverfis. Einnig er mikilvægt að skoða með hvaða hætti er hægt að styrkja og efla virkni og þátttöku og samfélagslegt hlutverk eldra fólks til að sporna gegn þunglyndi og einmanaleika eða öðrum sálfélagslegum kvillum.

Hvatt er til að lögð verði áhersla á að nýta og vinna úr fyrirbyggjandi gagnaböndum og einnig að áherslan endurspegli að hækkandi aldri fylgja bæði ýmis heilsufarsleg vandkvæði en ekki síður breytingar á félagslegri stöðu og högum. Öldrun er ekki sjúkdómur þó henni geti fylgt ýmsir krankleikar og því er tilefni til að skipa fjöl-faglegan vinnuhóp sem samanstendur af fleiri heilbrigðisgreinum en gert er ráð fyrir í þessari tillögu.



Nefndasvið Alþingis  
[nefnadasvid@althingi.is](mailto:nefnadasvid@althingi.is)

Kópavogi 18. nóvember 2019.

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara, 22. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 26. september 2019 þar sem óskað er álitis Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara, 22. mál 150. löggjafarþingi.

Um er að ræða tillögu um að heilbrigðisráðherra beiti sér fyrir því að þunglyndi eldri borgara verði sérstaklega rannsakað og umfang þess metið. Skipuð verði nefnd sem hefur þetta hlutverk.

LÍ telur rannsóknun af þessum toga jákvæða og fagnar því sérstaklega að í nefnd sem falið verði verkefnið verði fulltrúi frá félaginu. LÍ telur hins vegar óraunhæft að gera ráð fyrir að niðurstöður geti legið fyrir 1. júní 2020.

Verði eftir því óskað er LÍ að sjálfsögðu tilbúið til að senda fulltrúa félagsins á fund velferðarnefndar til að ræða tillöguna.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar LÍ,

Reynir Arngrímsson, formaður

Alþingi  
b.t. velferðarnefndar  
Kirkjustræti

101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 14. október 2019  
Erindi 201909449/50.13 uvi

**Efni: Umsögn bæjarráðs Mosfellsbæjar um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir meðal eldri borgara, mál 22.**

Bæjarráð Mosfellsbæjar 1416. fundur (10.10.2019) fjallaði um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara, sbr. 22. mál.

Fyrir fundinum lá minnisblað undirritaðrar dags. 7. október, þar segir að í greinargerð með tillögunni séu færð tók fyrir mikilvægi þess að þunglyndi meðal eldri borgara verði sérstaklega rannsakað og umfang þess metið. Ásamt því verði kannað hvaða leiðir séu best til þess fallnar til að koma í veg fyrir þunglyndi þessa aldurshóps, veita viðeigandi meðferð og leita leiða til að sporna gegn fjölgun einstaklinga í hópnum.

Bæjarráð fól undirritaðri að koma á framfæri að það telur verkefnið mjög mikilvægt og að ráðið styður við framgang þess.

Virðingarfyllst,

Unnur V. Ingólfssdóttir  
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs





Nefndarsvið Alþingis  
Fjárlaganefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 7. október 2019

**Efni: Umsögn Sjúkraliðafélag Íslands um tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara**

Sjúkraliðafélag Íslands fagnar tillögu til þingsályktunar um að fela heilbrigðisráðherra það verkefni að rannsaka þunglyndi eldri borgara og leggja mat á umfang þess.

Hækkandi lífaldur þjóðarinnar er það sem vænta má samkvæmt mannfjöldaspá Hagstofunnar. Það er því mikilvægt að kanna vel þá áhættuþætti sem liggja til grundvallar þunglyndi. Þekkt er að hár aldur fólks, lítill félagslegur stuðningur og erfið fjárhagsstaða gerir aldraða berskjaldaðri fyrir þunglyndi en annað fólk. Einnig verða ýmsir kvillar algengari með hækkandi aldri og er þunglyndi einn þeirra sem getur haft umtalsverð áhrif á líðan fólks. Þá hefur þunglyndi neikvæð áhrif á virkni fólks og getu til sjálfstæðis. Það er því mikill ávinningur í að kanna þunglyndi meðal eldri borgara svo unnt sé að beita viðeigandi meðhöndlun.

Fjölmargir skjólstæðingar sem sjúkraliða sinna eru eldri borgarar, ýmist í heimhjúkrun, í dagdvöl og á hjúkrunarheimilum. Sjúkraliðafélagið hefur í gegnum félagsmenn sína fengið vísbendingar um að þunglyndi meðal aldraða sé ýmist vangreint, vanmeðhöndlað eða það sé ofmeðhöndlað með þunglyndislyfjum.

Það er því afar mikilvægt að gerð verði sérstök rannsókn á þunglyndi meðal eldri borgara svo unnt verði að bregðast við sjúkdómnum með viðeigandi hætti og til að móta leiðir til að koma í veg fyrir þunglyndi hjá öldruðum.

Virðingarfyllt,

Sandra B. Franks, formaður Sjúkraliðafélags Íslands